

Hinn dýri vegatollur



Á UNDAFÖRNUM VIKUM HAFI FLEIRI ungmenni látið lífið og örkumlast í umferðarslysum hér á landi en dæmi eru um í annan tíma. Landsmenn eru slegnir óhug við þessa atburði, leita skýringa og jafnvel sökudólgá í hverju einstöku tilviki

og komast oftast en ekki að þeirri niðurstöðu að slysinu hefði mátt afstýra, ef einhver hefði hagað sér á annan veg en raunin varð. Síðan heldur lífið áfram sinn vanagang, það er að segja hjá þeim sem ekki eiga um sárt að binda. Eftirköstin eru sjaldan dregin fram í dagsljósið: Þjáningar syrgjenda, langar sjúkrahúsgætur fórnarlamba, endurhæfing, örkuml og örorka. Sú þrautaganga er sjaldan tilefni fréttaflokkings og gleymist fljótt.

Öllum ber saman um það, að þessari vargöld verði að linna. Íslenska þjóðin hefur ekki efni á að gjalda vegatoll með æsku landsins. En hvað er til ráða? Sérstök átök Umferðarráðs og Dómsmálaráðuneytis virðast engum árangri skila. Hraðsluáróðurinn með illa leiknum bílhraejum við vegarkantinn hverfur í rykmekki baksýnis-spegilsins. Kallað er eftir aukinni löggæslu, hertum viðurlögum við umferðarlagabrotum, öruggari umferðarmannvirkjum, hækkun lágmarksaldurs ökuanna, bættri ökukenntu. Einn bendir á annan.

Staðreyndin er hins vegar sú að þegar slysin verða í umferðinni er sjaldan einum um að kenna. Við berum öll ábyrgð á umferðinni eins og hún er í dag og það er á valdi okkar sjálfra að breyta henni til batnaðar. Til þess þarf hugarfarsbreytingu í þá veru að við sem ökumenn öxlum þá ábyrgð sem okkur er falin með ökuréttindunum og högum okkur í samræmi við það þegar út í umferðina er komið. Við verðum að hætta að líta á samferðamenn okkar sem keppinauta og andstæðinga í baráttu um að komast leiðar okkar. Við verðum að læra að gera sömu kröfur til okkar sjálfra og við gerum til annarra. Hver og einn verður að líta í eigin barm og spyrja

sig þeirrar spurningar hvað hann getur sjálfur lagt af mörkum til að gera umferðina öruggari. Þetta gæti reynst erfitt, því að skeytingarleysi Íslandinga gagnvart náunganum, tillitsleysi, ókurteisi og frekja nær langt út fyrir samskipti manna í umferðinni og er orðin að einkenni þeirrar þjóðar sem þykist meiri og betri en aðrar þegar til samanburðar kemur á alþjóðavettvangi.

Læknar kynast öðrum fremur afleiðingum umferðarslysa í störfum sínum. Fyrir þeim eru óhöppin að undanförunu í engu frábrugðin öðrum umferðarslysum sem þeir hafa sinnt í gegnum árin. Læknar heyra harmasögurnar frá fyrstu hendi, og þekkja hverja sjúkdómshöngu frá upphafi til enda. Þeir vita, að næsta slys verður ekki það síðasta. Læknastéttin á því að vera leiðandi afl í því að bæta umferðarmenningu og fækka slysum. Ekki með því að kalla eftir auknum fjárveitingum hver til sinnar deildar. Ekki með því að taka þátt í fjölmiðlasótt stjórnmalanna. Ekki með því að varpa ábyrgðinni yfir á einhvern annan. Ekki með því að veita áfallahjálp þar sem hennar er ekki þörf. Læknastéttin á að vera einu skrefi á undan og benda á raunhæfar leiðir til að fyrirbyggja umferðarslys. Þetta verður aðeins gert með því að vekja almenning til umhugsunar um, að það hættulegasta í umferðinni erum við sjálf.

Góða ferð og akið varlega.

Garðabæ 23. ágúst 2000

KARL ANDERSEN

Frágangur fræðilegra greina

Höfundar sendi tvær gerðir handrita til ritstjórnar

Læknablaðsins, Hlíðasmára 8, 200 Kópavogi. Annað án nafna höfunda, stofnana og án þakka sé um þær að ræða. Greininni fylgi yfirlýsing þess efnis að allir höfundar séu lokaformi greinar samþykkir og þeir afsali sér birtingarrétti til blaðsins.

Handriti skal skilað með tvöföldu línubili á A-4 blöðum. Hver hluti skal byrja á nýrri blaðsíðu í eftirtalinni röð:

- Titilsíða, höfundar, stofnanir, lykilorð
- Ágrip og heiti greinar á ensku
- Ágrip á íslensku
- Meginmál
- Þakkir
- Heimildir

Tölur og myndir skulu vera á ensku eða íslensku, að vali höfunda.

Tölvuunnar myndir og gröf komi á rafrænu formi ásamt útprenti. Tölvugögn (data) að baki gröfum fylgi með.

Sérstaklega þarf að semja um birtingu **litmynda**.

Eftir lokafrágang berist allar greinar á tölvutæku formi með útprenti. Taka skal fram vinnsluuhverfi.

Sjá upplýsingar um frágang fræðilegra greina: <http://www.icemed.is/læknabladid>

Umræðuhluti

Skilafrestur efnis í umræðuhluta er 20. hvers mánaðar nema annað sé tekið fram.